

Fimmtudaginn 29. október 1992.

Nr. 231/1992. **Kristján G. Ragnarsson**

gegn

Arnari H. Gestssyni.

Kærumál. Fjárnám. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kærumeðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hin kærða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar á fjárnámsgerðinni og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara þess, að hann falli niður.

Í fógætarétti Hafnarfjarðar var 28. apríl 1992 gert fjárnám að beiðni varnaraðila í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Austurgötu 27 í Hafnarfirði, sem er íbúð á rishæð eignarinnar. Fjárnámsheimildin var áskorunarstefna, sem árituð var 6. janúar 1987 um aðfararhæfi stefnukrafna og málskostnaðar. Hinn 24. mars 1992 var birt greiðsluáskorun frá lögmanni varnaraðila vegna þessara krafna, sem þar voru sundurliðaðar og taldar nema samtals 889.540 krónum. Fjárnámið fór fram í skrifstofu fógæta að sóknaraðila fjarstöddum. Þess var ekki getið í fógætabók, hvort sóknaraðili hefði verið boðaður til gerðarinnar, og réttargæslumaður var ekki kvaddur til fyrir hans hönd. Tók fógæti að sér að tilkynna honum um fjárnámið.

Kröfu sína um ómerkingu þessarar fjárnámsgerðar styður sóknaraðili meðal annars þeim rökum, að undirbúningur og framkvæmd fjárnámsins hafi ekki verið með löglegum hætti. Fyrirnefnd greiðsluáskorun hafi verið birt að Austurgötu 27 í Hafnarfirði fyrir konu, sem búi í annarri íbúð en sóknaraðili eigi þar. Sjálfur hafi hann ekki búið í húsinu, heldur sé lögheimili sitt að Hraunhálsi í Helga-

fellssveit í Snæfellsnessýslu. Fjárnáms hafi verið beiðst hjá bæjarfógeta í Hafnarfirði og gerð byrjuð þar, en ekki á þessu heimilisvarnarþingi sóknaraðila. Jafnframt hafi hann ekki fengið neina boðun um þinghald til fjárnámsins, svo að hann gæti verið þar viðstaddur. Loks hafi fjárnámsbeiðni varnaraðila ekki verið í samræmi við þá aðfararheimild, sem á var byggt, að því er varði vexti og málskostnað, og fjárnám verið gert fyrir öðrum fjárhæðum en þeim, er mælt var um í stefnunni og áritun á hana.

Íbúðina að Austurgötu 27 kveðst sóknaraðili hafa átt um árabíl. Hafi hún verið í útleigu mestallan eignarhaldstíma sinn, en þó staðið auð við lok marsmánaðar 1992.

Varnaraðili mótmælir öllum málsástæðum sóknaraðila og telur meðal annars, að greiðsluáskorun hafi verið löglega birt að Austurgötu 27, þar sem telja megi hann eiga heimili þar. Hefur varnaraðili lagt fram gögn því til staðfestingar, að sóknaraðili hafi verið skráður fyrir síma í íbúð sinni frá því á árinu 1980. Þá hefur varnaraðili lagt fram endurrit af símskeyti frá lögmanni sínum, þar sem sóknaraðili er kvaddur til fjárnámsins, og segir það hafa legið frammi við gerðina. Samkvæmt endurriti þessu var skeytið stílað til sóknaraðila að Austurgötu 27 og sent frá Reykjavík rúmlega 3 sólarhringum fyrir áðurnefnt þinghald, en viðtöku á því er ekki lýst.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands 19. maí 1992 úr þjóðskrá var sóknaraðili þá skráður til heimilis að Hraunhálsi í Helgafellsveit og hafði verið skráður með lögheimili þar a. m. k. síðan á árinu 1977. Í vottorði frá bæjarskrifstofum í Hafnarfirði 21. sama mánaðar kemur og fram, að hann hafi ekki verið meðal skrásettra íbúa að Austurgötu 27 þar í bæ á þeim tíma, er hér skiptir máli. Í ljósi þessa verður varnaraðili ekki talinn hafa sýnt fram á, að lögmaett hafi verið að byrja fjárnám á hendur sóknaraðila í skrifstofu bæjarfógeta í Hafnarfirði, eins og hér var gert, sbr. 2. mgr. 33. gr. þágildandi laga nr. 19/1887 um aðför, sbr. 2. gr. laga nr. 15/1988. Ber þegar af þeirri ástæðu að ómerkja hina kærðu fjárnámsgerð.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila 25.000 krónur í kærumálskostnað.

1737

D ó m s o r ð:

Hin kærða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Varnaraðili, Arnar H. Gestsson, greiði sóknaraðila,
Kristjáni G. Ragnarssyni, 25.000 krónur í kærumálskostnað.
